

Fréttatilkynning

Reykjavík, 02.04.2012

Efni: Ómerktir ofnæmis- og óþolsvaldar á umbúðum „Allra grænir frostpinnar“.

Kaupás hf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði vöruna „Allra grænir frostpinnar“, þar sem ofnæmis- og óþolsvaldar eru ekki merktir á umbúðum hennar. Varan hefur verið í dreifingu í verslunum Krónunnar, Nóatúns og Kjarvals.

Ekki kemur fram í innihaldslýsingu á umbúðum vörunnar að varan innihaldi **sojalesítín** sem er á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda.

Tekið skal fram að varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir soja eða afurðum úr því. Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir soja eða afurðum úr því eru beðnir um að farga henni eða hafa samband við Krónuna, Nóatún eða Kjarval í síma 458 1100.

